

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
nr. 23/2005

2005/EES/32/23

frá 8. febrúar 2005

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2004 frá 8. júní 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 851/2004 frá 21. apríl 2004 um stofnun Sóttvarnastofnunar Evrópu <sup>(2)</sup>.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að aukið samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2005 að telja.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við á eftir 3. mgr. 16. gr. bókunar 31 við samninginn:

„4. a) EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum Sóttvarnastofnunar Evrópu, er nefnist „stofnunin“ í því sem hér fer á eftir, í samræmi við ákvæði eftirfarandi Bandalagsgerðar:

- **32004 R 0851:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 851/2004 frá 21. apríl 2004 um stofnun Sóttvarnastofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 1).

b) EFTA-ríkin skulu taka þátt í kostnaði í tengslum við starfsemi sem um getur í a-lið í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við samninginn.

c) EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum stjórnar stofnunarinnar og hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðildarríki Evrópusambandsins, að undanskildum atkvæðarétti.

d) EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum ráðgjafarnefndarinnar og hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðildarríki Evrópusambandsins.

e) EFTA-ríkin skulu beita gagnvart stofnuninni og starfsfólki hennar Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna og viðeigandi reglum sem samþykktar hafa verið á grundvelli hennar.

f) Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. 12. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er forstjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.

g) Með skírskotun til 3. mgr. 79. gr. samningsins skal VII. hluti samningsins (Ákvæði um stofnanir) gilda um þessa málsgrein.

h) Við beitingu þessarar reglugerðar skal reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar einnig gilda um þau skjöl Sóttvarnastofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2005.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 52 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 25.11.2004, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 1.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.